

Sæl!

vil áréttta fyrri athugasemdir varðandi deiliskipulags vegna Sólhlíðar 4 kveðja

Margrét Lilja Magnúsdóttir, Sólhlíð 5

22.10.2020

Sem eigandi hússins við Sólhlíð 5, hef ég áhuga á að koma nokkrum athugasemdum á framfæri varðandi drög að deiliskipulagi sem sent var til íbúa á svæðinu til umsagnar.

1. Húsið sem gert er ráð fyrir að standi við Sólhlíð 4 er aðeins um 12-14 metra frá mínu húsi og er hæð þess u.þ.b. tvöfalt meiri. Það eru því miklar líkur á að innsýn verði mikil. Jafnframt er skuggavarp líklegt.
2. Gert er ráð fyrir umferð út af lóðinni inn á Sólhlíðina (neðan við Sólhlíð 6) og má því búast við að bílljós muni lýsa upp bæði stofu og svefnherbergi í Sólhlíð 5, þar sem húsið er nokkuð niðurgrafið á þeirri hlið er snýr að götunni.
3. Gert er ráð fyrir að stærri byggingin muni rísa alveg við götuna. Það er því verið að reisa 9 metra háan vegg við götuna og um 50 metra langan. Mun þetta breyta götumyndinni mikið. Jafnvel mætti íhuga að breyta nafni götunnar.
4. Áætlað byggingarmagn er gífurlega mikið á ekki stærri lóð. Talað er um að byggingarmagn sé svipað og við Sólhlíð 19, en það stenst engan veginn. Þar eru 12 litlar íbúðir og stærð hússins er um 800 fermetrar. Áætlað byggingarmagn við Sólhlíð 4 er aftur á móti 3.500 fermetrar og íbúðirnar þar verða 18-20 talsins. Í raun ætti frekar að bera byggingarmagn saman við Sjúkrahúsið sem stendur við Sólhlíð 10, en það er um 4.200 fermetrar og stendur það á miklu stærri lóð.
5. Sólhlíð 4 var ekki óbyggð byggingarlóð heldur byggð lóð með litlu einbýlishúsi sem og Kirkjuvegur 35, þannig er ekki um að ræða nýtingu á áður óbyggðri lóð.
6. Ég tel að umferð muni aukast mjög mikið með tilkomu 18-20 íbúða við götuna enda líklega um tæpa tvöföldun íbúða við götuna. Einnig er líklegt að einhverjir íbúar og gestir hússins muni leggja bílum sínum við Sólhlíðina og verður þá öll aðkoma lakari bæði fyrir íbúa og þá sem þurfa að sinna erindum á Sjúkrahúsinu, svo og sjúkrabifreiða.

Kveðja

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Sólhlíð 5